

SNJÓLFUR KRISTMUNDSSON

Leiðbeinir þeim sem hyggja á bílferðalög

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HJÓNIN SÆVAR OG SIGRÍÐUR

Hafa ferðast um á húsbíl í 20 ár

Sérblað um útilegu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

Á tvífara með skuggalega fortíð

Var ekki í Ameríku um helgina

FÓLK 22



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

8. júlí 2009 – 160. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



**Kept í Hriseyjarsundi**

Benedikt Hjartarson skorar á sjósundskappa.

FÓLK 22

## Fyrirvara verður að setja

„Jafnvel blindum manni er nú-orðið ljóst að dómstólaleiðin er ófær“, skrifar Eiríkur Bergmann.

Í DAG 12

## Heldur alltaf afmælisboð

Guðrún Magnúsdóttir, varaformaður Fjölskylduhjálparinnar, er 85 ára í dag.


TÍMAMÓT 14

## Blikastelpur hefndu

Breiðablik, Valur, Stjarnan og Fylkir komust í undanúrslit VISA-bikars kvenna í gær.

ÍPRÓTTIR 17

## VEÐRIÐ Í DAG



**Viða léttskýjað** í dag verður áfram hæg breytileg átt eða hafgola. Nokkuð bjart víðast hvar en fremur skýjað suðvestan- og vestanlands en þurrt að mestu. Hljýst í innsveitum norðan til.

VEÐUR 4

# Jón Ólafsson krefur breska ríkið um tugmilljóna bætur

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson hefur ákveðið að stefna breska ríkinu vegna mistaka sem gerð voru í mála-rekstri hans gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. „Það er ekkert lengur að sækja til Hannesar,“ segir Jón.

**DÓMSMÁL** „Ég tók þá ákvörðun að það væri ekki lengur þess virði að sækja málið á Hannes Hólmstein. Ég er búinn að vinna málið fyrir dómstólum í Englandi sem klinka vegna tæknilegs atriðis. Eins er þríeykið Davíð Oddsson, Kjartan Gunnarsson [fyrirverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins] og Hannes liggjandi menn. Maður sparkar ekki í liggjandi menn,“ segir Jón Ólafsson athafnamaður.

Jón hefur stefnt breska ríkinu vegna mistaka breska sendiráðsins á Íslandi í tengslum við meidyrðamál hans gegn Hannesi

Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor við Háskóla Íslands, árið 2004. Jón krefst allt að sjötíu milljóna króna.

Jón höfðaði meidyrðamál fyrir breskum dómstólum árið 2004 vegna ummæla Hannesar haustið 1999 sem voru vistuð á vefsvæði Hannesar hjá Háskóla Íslands. Þar vændi Hannes Jón meðal annars um að hafa efnast á glæpastarfsemi. Jón gat sýnt fram á það fyrir dómi að hann hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna skrifa Hannesar. Dómur féll sumarið 2005 þar sem Hannes var dæmdur til

að greiða Jóni tæplega tuttugu milljónir króna að núvirði í bætur og málskostnað. Hannes áfrýjaði þessum dómi til yfirréttar í London, sem ógilti í desember 2006 dóm undirréttar með þeim rökum að stefna í málinu hefði ekki verið birt Hannesi samkvæmt íslenskum lögum. Hannes mótmælti því jafnframt að dómurinn yrði fullnustaður hér á landi en að kröfu Jóns gerði sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám fyrir dómkröfundi í skuldabréfi sem Hannes hafði fengið vegna sölu á húseign sinni. Jón segir ekkert að sækja til

Hannesar, sem hafi selt hús sitt „í skjóli nætur“. „Nú er ljóst að breska ríkið er ábyrgt fyrir þessu og þess vegna fer ég í mál til að endurheimta sextíu til sjötíu milljónir króna sem er málskostnaður og það sem Hannes var dæmdur til að borga.“

Jón segir að yfirvöld ytra hafi viðurkennt mistök sín í meðferð málsins og málið snúist um hvort yfirvöldum beri að borga alla upphæðina sem Jón fer fram á eða aðeins hluta hennar. Hann er bjartsýnn á að niðurstaða fáiast í málið fyrir áramót. - shá



**HÖFUÐSTÖÐVAR MILESTONE Í GÆR** Alls voru gerðar tíu húsleitir í gær á vegum embættis sérstaks saksóknara í gær. Um viðamikla aðgerð var að ræða þar sem meðal annars var leitað á skrifstofum Sjóvar og Milestone auk heimila lykilstarfsmanna. Alls tóku 25 manns þátt í aðgerðunum; þeir komu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, sérstökum saksóknara og Fjármálaeftirlitinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tíu húsleitir voru gerðar vegna meintra brota Sjóvar-Almennra í gær:

## Húsleitir vegna gruns um fjársvik

**LÖGREGLUMÁL** Tíu húsleitir voru gerðar í gær vegna meintra brota Sjóvar-Almennra á hegningarlögum, lögum um váttryggingastarfsemi og brot á hlutafélagalögum. Ástæðan er lána- og fjárfestingastarfsemi félagsins.

Gerðar voru húsleitir hjá Milestone, eiganda móðurfélags

Sjóvar, og forsvarsmönnum þess og Sjóva-Almennum og fyrrum forstjóra þess, Þór Sigfússyni. Auk þess var gerð húsleit hjá Óskum Capital, sem sá um umsýslu fyrir fasteignir Sjóvar, ónefndu félagi tengdu Milestone og Sjóva og tölvuhýsingarfyrirtæki, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ein aðalástæða húsleitarinnar voru fasteignafjárfestingar Sjóvar í gegnum bótasjóði félagsins, samkvæmt heimildum blaðsins. Þór segist feginn að húsleitin hafi verið gerð og segir málið hafa hangið yfir sér undanfarna mánuði. Hann undrast hins vegar húsleit á heimili sínu. - vsp / sjá síðu 8

## Jóhanna Guðrún Jónsdóttir: Semur við Warner-riðann


**TÓNLIST** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir hefur gert samning við útgáfurisann Warner um dreifingu á sólóplötunni Butterflies and Elvis. Platan kemur út á Norðurlöndunum hinn 20. júlí og mun í kjölfarið verða gefin út annars staðar í Evrópu.



JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Skrifað var undir samninginn í Svíþjóð og ætla Warner menn að fylgjast grannt með gangi mála og hafa hug á að framlengja samninginn ef allt gengur að óskum. „Þetta er langþráður draumur sem er loks að verða að veruleika,“ segir Jóhanna, sem hefur verið á ferð og flugi síðan hún kom heim með silfrið frá Moskvu. Jóhanna hefur meðal annars sungið á nokkrum tónleikum.

- fgg / sjá síðu 22



**SUBWAY** Kafbátur mánaðarins **349 kr.**  
Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum  
Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði • Kópavogi • Reykjavík

**NÝ BÓK**  
**Metarinn hennar Nanna**  
NÝTTU ÞAÐ SEM ÞÚ ÁTT Í SKÁPUNUM OG BORÐAÐU VEL ÁN ÞESS AÐ KOSTA OF MIKLU TIL  
www.forlagid.is



Tilboð  
í dag!



10 kr. endurgreiðsla\* á lítrann hjá Shell  
af öllu eldsneyti fyrir e-korthafa í dag!



\*Endurgreiðslan er 5,38% m.v. 185,5 kr. eldsneytisverð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu þriðjudaginn 7. júlí.  
Sú endurgreiðsla jafngildir 10 kr. á lítrann.

KAUPPING

 **e KORT**  
ekortin.is

 **e VILDARKORT**  
ekortin.is





Lýkur  
í dag!

**TAX FREE!**  
**Pallaefni**

**SÍÐASTI DAGUR**  
**TAX FREE AF ÖLLU**  
**FÚAVÖRÐU TIMBRI**  
**FYRIR SÓLPALLINN**



x



Fráber saman

## KJÖRKASSINN



Pekkir þú einhvern sem hefur orðið gjaldþrota í kveppinni?

Já	39,9%
Nei	60,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Björgólfssfeðgar að fá niðurfellingu á skuld hjá Kaupþingi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Mikil reiði og ótti í Xinjiang-héraði þar sem Úígúrar og Han-Kínverjar berjast:

## Æstir hópar æða um götur

**KÍNA, AP** Óöldin í Xinjiang-héraði síðustu daga hefur kostað hátt á annað hundrað manns lífið, hið minnsta. Hundruð manna eru særð og meira en 1.400 hafa verið handteknir.

Í gær fóru Han-Kínverjar saman í hópum um götur Urumqi, höfuðborgar héraðsins, leituðu uppi Úígúra og börðu til óbóta. Reiði þeirra var mikil vegna árása Úígúra á Han-Kínverja undanfarna daga.

Óeirðalögregla og hersveitir höfðu lokað heilu hverfunum, þar sem Úígúrar búa, og vörnuðu Han-Kínverjum inngöngu.

Spenna í borginni er mikil og fólk hafði barefli við höndina til

að verjast. Sumir Han-Kínverjar keyptu í stórum stíl vatn á flöskum af ótta við að Úígúrar tækju upp á því að eitra drykkjarvatnið.

Úígúrar hafa búið í héraðinu öldum saman og vilja sumir þeirra segja skilið við Kína og stofna sjálfstætt ríki. Han-Kínverjar eru yfirgnæfandi meirihluti íbúa í Kína og hafa smám saman aukið ítök sín í Xinjiang, við lífinn fögnuð heimamanna. Um miðja síðustu öld nutu Úígúrar sjálfstæðis um stutt skeið, en hafa síðustu áratugi orðið æ ósáttari við hlutskipti sitt í Kína.

Upp úr saud um síðustu helgi þegar Úígúrar efndu til fjöldamótmæla í höfuðborginni. -gb



VOPNAÐIR SKÓFLUM OG KYLFUM Han-Kínverjar fóru mikinn í Urumqi í gær, vopnaðir bareflum og í hefndarhug. -bj

Barði konu fyrir framan börn:

## Fékk fjögurra mánaða dóm

**DÓMSMÁL** Maður sem gekk í skrokk á barnsmóður sinni fyrir framan þrjú ung börn þeirra var í gær dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Suðurlands. Manninum var einnig gert að greiða konunni 300 þúsund krónur í skaðabætur, auk 410 þúsunda króna í málskostnað.

Maðurinn jataði að hafa brotist inn á heimili konunnar í Vestmannaeyjum í desember í fyrra. Þar veittist hann að konunni, greip um háls hennar og herti að, auk þess að hóta henni lífláti. Hann var einnig sakfelldur fyrir að hafa ráðist á lögrelglumenn og hótad þeim ítrekað lífláti. -bj

## Harmar tortrygginn

Forstjóri Magma Energy segir óheppilegt að hafa ekki getað rætt opinskátt um áform sín til þessa. Skoðanir hans í umhverfismálum ríma vel við nýtingu jarðvarma, en hann hefur þó ekki sérstaka skoðun á því í hvað orkan er notuð.

**ORKUMÁL** Ross Beaty, forstjóri Magma Energy, fyrirtækisins sem hefur hug á að kaupa stóran hlut í HS Orku, harmar að deilur og tortryggni hafi sprottið upp á Íslandi vegna fyrirhugaðra viðskipta.

„Það er óheppilegt, og orsakast að miklu leyti af því að við höfum ekki getað rætt málið á eðlilegan hátt þannig að viðskiptin séu frágengin, þau kynnt og síðan rætt um þau opinskátt. Þetta kom fólk í opna skjöldu vegna þess að það var rætt um málið í bæjarstjórn [Reykjanesbæjar] og það er miður,“ segir Beaty.

Fram hefur komið að Magma Energy hyggst kaupa 10,8 prósent hlut í HS Orku af Geysi Green Energy (GGE) og hefur jafnframt áhuga á hlutum Reykjanesbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu. Ef það gengur eftir mun Magma Energy og GGE eiga nær allt hlutfé í félaginu.

Magma Energy er kanadískt orkufyrirtæki sem var stofnað fyrir rúmu ári og var skráð á markað á mánudag. Fyrir skömmu fór fram hundrað milljóna dala hlutfjárútbod til almennings í félaginu, hið fyrsta í Kanada í tæpt ár. Beaty segir að umframtirspurn hafi verið eftir bréfum í félaginu. Meðal hluthafa er félag í eigu Bills Gates, stofnanda Microsoft.

„Það eru mjög góð skilaboð inni á markaði, og einkum jarðvarma-markaði, að fjárfestar skuli vera tilbúnir að verja fjármagn af þessu tagi í svona ungan iðnað,“ segir Beaty. Eftir því sem Beaty kemst næst er enginn Íslendingur á meðal hluthafa, en þeir eru á þriðja þúsund.

Beaty hefur komið þrisvar til Íslands á árinu til að undirbúa jarðveginn og hefur að eigin sögn fundað með fjölda ráðamanna, sveitarstjórnarmanna og



JARÐVARMÍ Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í HS Orku, sem sér um framleiðsluna, og HS Veitur, sem sér um almenningsþjónustu, um síðustu áramót.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### STÓRHUGA JARÐFRÆÐINGUR

Kaupslumaðurinn Ross Beaty er jarðfræðingur að mennt og hefur síðustu ár verið einn umsvífamesti framleiðandi silfurs í heiminum. Hann fór út í þann bransa árið 1994. „Metnaður minn stóð til að byggja upp stærsta silfurnámufyrirtæki veraldar og það tókst mér árið 2007,“ segir Beaty, sem seldi þá



fyrirtækið. Síðan hefur Beaty átt nokkur koparvinnslufyrirtæki sem hann seldi í ársbyrjun 2008. Frá því að Magma Energy var stofnað í fyrra hefur það keypt 21 jarðhitaverkefni í fimm löndum og stefnir á að verða í fremstu röð slíkra fyrirtækja í heiminum.

fulltrúa orkufyrirtækja. Meðal þeirra sem hann hefur fundað með er Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Beaty segist hrifinn af jarðvarmanýtingu vegna þess að hún samræmist vel sjónarmiðum hans um umhverfismál. Þrátt fyrir það segist hann ekki hafa neina sérstaka skoðun á því í hvað jarðvarminn sem hann virkjar er

notaður. „Ekki sérstaklega, nei. Ef það er eftirspurn eftir orku á annað borð er alltaf betra að svara henni með hreinni orku eins og jarðvarma en óhreinni orku á borð við kol.“

Ein helsta ástæða þess að Beaty beinir sjónum að Íslandi er þekking þjóðarinnar á geiranum. Hann segist vilja freista þess að flytja þá sérfræðipökkingu með sér úr landi.

stigur@frettabladid.is

Starfsmenn Alþingis eiga erfiðara með að taka sumarfrí vegna sumarþingsins:

## Starfsmennirnir kvarta ekki

**ATVINNA** Starfsmenn Alþingis hafa ekki getað fengið sumarleyfi jafnuvöldlega og áður vegna sumarþingsins. „Einhverjir voru vissulega búnir að skipuleggja sín frí og þurfa að breyta því en við reynum að leysa það,“ segir Karl M. Kristjánsson, rekstrarstjóri Alþingis.

Karl vonast til að hægt sé að fá starfsmenn til að taka sem allra minnst frí nú um hásumarið. Venjulega hafi Alþingi getað boðið fólk að taka frí um hásumar en það sé óðrúvísi núna. Hann segir fólk hins vegar ekki kvarta. Starfsmenn geri sér ljóst að óvenjuleg staða sé uppi.

Auðveldara er til dæmis fyrir starfsmenn í bókholds- og fjármálandeild að taka sér sumarleyfi á meðan starfsfólk á nefndarsviði á erfiðara með að fá sumarleyfi, að sögn Karls. Alþingi ræður sér ekki sumarafleysingafólk til að taka við störfum á meðan starfsmenn taka sér sumarleyfi. Starfsmenn séu hins vegar duglegir að færa til verkefni, að sögn Karls.

Yfir 100 manns vinna hjá Alþingi. Ekki er ljóst hvenær þingi verður frestað en haustþing hefst 1. september. „Þegar starfsfólk hefur lokið verkefnum eftir að þingi lýkur, þá reynum við að koma fólk í



ALÞINGI Yfir 100 starfsmenn starfa hjá Alþingi og ekki er ljóst hvenær þingi verður frestað.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sín lögbundnu og nauðsynlegu frí áður en það byrjar að undirbúa þinghaldið aftur,“ segir Karl. -vsp

www.gottimatinn.is

FRÖÐSÖGUR

Gott  
Í MATINN

FYRIR ALLA SEM  
GRILLA

LOKSINS  
FÁANLEGIR  
AFTUR!  
FITUMINNSTA  
GRILLSÓSANI

SÝRÐUR  
RJÓMI  
MEÐ HVÍTLAUK

SÝRÐUR  
RJÓMI  
MEÐ GRASLAUK OG LAUK

GÓÐIR MEÐ GRILLMATNUM

– Tilbúnir til notkunar! Þarf í mesta lagi að setja þá í skál.

www.gottimatinn.is

TÖFRASTUNDIR  
VISA Í SUMAR

NOTAÐU  
FREKAR VISA

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

100 stórglæsilegir ferðavinningar  
að verðmæti yfir 4.000.000 kr.

VISA

Pitt hjartans mál

Benecol inniheldur plöntu-  
stanólester sem lækkar  
kólesteról í blóði. Ein  
flaska á dag dugur til  
að ná hámarksvirkni  
og full áhrif koma  
fram strax þremur  
vikum eftir að  
neysla hefst.

Benecol  
Lækjarkólesteróll

Benecol  
Lækjarkólesteróll



• Myndin er frá æfingu fimleikaflokks í samkomuhúsi Akureyrar fyrir 1. landsmót ungmennafélaganna sem haldið var 1909.

## Landsmót ungmennafélaganna í heila öld

Landsmót UMFÍ á Akureyri 9. – 12. júlí 2009

**Fyrir hundrað árum** var fyrsta landsmót ungmennafélaganna haldið á Akureyri. Bæjarfógeti setti mótið og séra Matthías Jochumsson hélt ræðu fyrir æsku landsins. Síðan hófst keppni í glímu, stökkum og hlaupum.

**Einn af viðburðum mótsins** var knattspyrnuleikur milli Húsvíkinga og Akureyringa. Akureyringar náðu að skora eina mark leiksins og báru sigur úr býtum. Að launum fékk sigurliðið flaggstöng.

**Á Akureyri voru landsmót einnig haldin árin 1955 og 1981.** Það verða því sannkölluð tímamót þegar 26. landsmót UMFÍ fer fram fjórða sinni á Akureyri 9.–12. júlí 2009.

**Landsmótin eru stórviðburður á Íslandi.**

Keppendur eru margir og áhorfendur enn fleiri, enda mikil fjölbreytni í keppnisgreinum. Á landsmótum er keppt í mörgum íþróttum auk ýmissa starfsíþróttar, allt frá dráttarvélarakstri til pönnukökubaksturs.

Þeir sem fylgst hafa með eða tekið þátt í landsmóti eru sammála um að þar ráða æskan, hreystin og lífsgleðin ríkjum. **Alcoa Fjarðaáli er því sönn ánægja að styrkja mótshaldið í ár.**

## Húsleitir hjá Sjóvá og tengdum aðilum

Húsleit hjá Sjóvá:

### Persónur og leikendur



**KARL WERNERSSON** Annar aðaleigenda og stjórnarformaður Milestone. Húsleit var gerð á heimili Karls.

**STEINGRÍMUR WERNERSSON** Annar aðaleigenda og stjórnarformaður í Milestone. Ekki var gerð húsleit á heimili Steingríms.



**ÞÓR SIGFÚSSON** Fyrirverandi forstjóri Sjóvá. Húsleit var gerð á heimili Þórs.



**GUÐMUNDUR ÓLASON** Forstjóri Milestone. Húsleit var gerð á heimili Guðmundar.



**JÓHANNES SIGURÐSSON** Aðstoðarforstjóri Milestone. Húsleit var gerð á heimili Jóhannesar.



**BENEDIKT ÁRNASON** Forstjóri Aska Capital. Ekki var gerð húsleit á heimili Benedikts.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Alþingismaður og forstjóri Aska Capital fram í júlí 2008. Ekki var gerð húsleit á heimili Tryggva.



**GÖGN GERÐ UPPTÆK** Starfsmenn embættis sérstaks saksóknara gerðu húsleitir á tíu stöðum í gær.



Höfuðstöðvar Milestone.



Heimili Þórs Sigfússonar.



Heimili Karls Emils Wernerssonar.



Höfuðstöðvar Sjóvá við Kringluna.

# Grunur um misferli í Sjóvá

Gerðar voru húsleitir hjá Milestone og Sjóvá og lykilstarfsmönnum í gær. Fasteignafjárfestingar Sjóvá eru meðal annars til skoðunar. Húsleit var gerð hjá Öskum Capital sem annaðist umsýslu fyrir fasteignir Sjóvá.

Gerðar voru tíu húsleitir vegna fjárfestinga og lánastarfsemi váttryggingafélagsins Sjóvár-Almennra trygginga hf. í gær. Leit að var á skrifstofu Milestone, sem er eigandi sænska fyrirtækisins Moderna sem Sjóvá heyrir undir. Einnig hjá Öskum Capital, Sjóvá-Almennum og félagi sem tengist Sjóvá og Milestone, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Húsleitirnar voru gerðar af embætti sérstaks saksóknara og fékk embættið liðsstyrk frá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins. Höfust þær um klukkan tíu í gærmorgun og var unnið fram á kvöld í Milestone og Sjóvá.

Þór Sigfússon, fyrirverandi forstjóri Sjóvá, og Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, staðfestu

við Fréttablaðið að framkvæmdar hefðu verið húsleitir á heimilum þeirra. Vegna starfa Þórs sem stjórnarformanns Samtaka atvinnulífsins var gerð húsleit í höfuðstöðvum samtakanna.

Einnig voru gerðar húsleitir hjá Jóhannesi Sigurðssyni, aðstoðarforstjóra Milestone, og Karli Wernerssyni, eiganda Milestone, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekki var gerð húsleit hjá Steingrími Wernerssyni, annars eigna Milestone.

Upphaflega voru framkvæmdar sjö húsleitir samtímis og síðar leitað á tveimur öðrum stöðum. Vegna vísbendinga úr öðrum húsleitum þurfti að leita á skrifstofu ónefnds tölvuhýsingarfyrirtækis, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ástæðan fyrir húsleitunum er grunur um meint brot á lögum um

hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi auk brota á auðgunarbrotakafli hegningarlaga í tengslum við ráðstafanir á fjármunum Sjóvá.

Ein aðalástæða húsleitanna er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, fasteignafjárfestingar Sjóvá úr bótasjóði félagsins. Fjárfest var meðal annars í skrifstofubýggingum í Belgíu og París og höfuðstöðum bæverska landsbankans í Þýskalandi en í lögum um bótasjóði er leyfilegt að fjárfesta allt að fjórutíu prósent þeirra í fasteignum á EES svæðinu. Askar Capital hafði umsýslu fyrir fasteignirnar og er talið líkleg skýring á húsleit sem var gerð hjá félaginu, að sögn Tryggva Þórs Herbertssonar, fyrirverandi forstjóra Aska Capital.

Til að halda utan um fasteignir þarf til dæmis að sjá til þess að leiga sé greidd og byggingunum

haldið við. Askar hafi annast það fyrir Sjóvá, að sögn Tryggva. Hann segir Sjóvá og Aska hafa verið undir ströngu eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). „Sjóvá þurfti alltaf að skila skýrslu til FME um nákvæmlega á hverju var fjárfest,“ segir Tryggvi.

Ekki er búið að boða neinn í yfirheyrslur, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara. Hann segir aðgerðirnar hafa gengið vel fyrir sig og flestir hafi verið samstarfsfúsir. „Menn eru hins vegar ólilega oft slegnir út af laginu í svona aðgerðum, en það er líka markmið þeirra,“ segir Ólafur.

Ekki náðist í Karl Wernersson vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Jóhannes Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Milestone, vildi ekki tjá sig um málið.

vidirp@frettabladid.is

Þór Sigfússon:

## Þetta hefur hangið yfir mér í mánuði

„Það er eðlilegt og gott að þessi athugun fór fram svo það komi á daginn ef einhvers staðar hafi lög verið brotin,“ segir Þór Sigfússon, fyrirverandi forstjóri Sjóvá, um húsleitina á heimili hans. Tvær tölur voru teknar við húsleitina.

Þór segir að þetta hafi hangið yfir sér svo mánuðum skipti þar sem búið sé að tala um fjárfestingar Sjóvá mikið í fjölmiðlum undanfarið. „Þetta er búinn að vera óþægilegur tími. Ég bjóst hins vegar aldrei við að húsleit yrði gerð heima hjá mér. Frekar að ég yrði kallaður til viðtals,“ segir Þór.

Þór segist hafa starfað af heiðarleika hjá Sjóvá; fjárfestingar hafi ekki verið á hans sviði heldur verkefni sem snúa að váttryggingarstarfsemi.

- vsp

Forstjóri Aska Capital:

## Veit ekki hvað um er að ræða

„Það komu bara nokkrir menn frá sérstökum saksóknara og tjáðu okkur að í gangi væri rannsókn á Sjóvá og vildu fá að skoða þau gögn sem við höfum undir höndum og tengjast þeim fjárfestingum sem Sjóvá hefur farið út í,“ segir Benedikt Árnason, forstjóri Aska Capital, þar sem húsleit var gerð í gær.

„Við höfum stýrt nokkrum verkefnum sem Sjóvá hefur fjárfest í. Einkanlega eru það erlendar fasteignir sem við höfum séð um fyrir Sjóvár hönd en við komum ekki að þeim sem eignaraðili,“ segir Benedikt, sem aðspurður aftur að Askar hafi aðstoðað við hugsanleg fjárfestingar. „Alls ekki. Ég veit ekki hvað um er að ræða.“

- gar

Margrét Pála Ólafsdóttir:

## Fjárfestingar ekki gerðar í hennar tíð

„Þann tíma sem ég sat í stjórninni var reksturinn í mjög góðu lagi,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, stjórnarformaður hjá Sjóvá frá mars 2008 til mars 2009. Hún segir engar fjárfestingar hafa verið gerðar á meðan hún hafi setið í stjórn.

„Þær höfðu verið gerðar áður en allt hrundi og þá var eignasafnið í góðu lagi,“ segir Margrét. Ekkert hafi orkað tvímælis í stjórninni og skynjun hennar á félaginu hafi verið að þarna væri traustur og góður starfshópur undir góðri forystu.

- vsp

SIEMENS

## Tilboðsvika

Stórglæsileg tilboð í verslun okkar. Fjöldi tilboða á smátækjum, ljósum og símtækjum aðeins þessa vikuna.

Umboðsmenn um land allt.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Öll tilboð gilda til og með 10. júlí 2009 eða á meðan birgðir endast.

Kaffivél  
Tilboðsverð: 7.900 kr. stgr.  
Fullt verð: 9.900 kr. stgr.



Hraðsuðukanna  
Tilboðsverð: 3.900 kr. stgr.  
Fullt verð: 4.900 kr. stgr.



Hvítur rafmagnshandklæðaofn  
Tilboðsverð: 33.500 kr. stgr.  
Fullt verð: 55.000 kr. stgr.



15% afsláttur af öllum rafmagnspilofnum

Kaffikvörn  
Tilboðsverð: 4.700 kr. stgr.  
Fullt verð: 5.900 kr. stgr.



Blandari  
Tilboðsverð: 8.700 kr. stgr.  
Fullt verð: 10.900 kr. stgr.

Hvítur rafmagnshandklæðaofn  
Tilboðsverð: 14.900 kr. stgr.  
Fullt verð: 25.000 kr. stgr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is



omega  
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

**SUMAR-  
TILBOÐ!**


Eitt flottasta  
úrval landsins  
Mikið úrval fyrir öll baðherbergi




WLU 06A  
Hvitt háglans Settið: **79.900,-** stgr.



CT - 95  
Hvitt háglans Settið: **89.700,-** stgr.



CT - 85  
Hvitt háglans Settið: **76.700,-** stgr.



CT - 75  
Hvitt háglans Settið: **69.900,-** stgr.

**SUMAR-  
TILBOÐ!**

til  
afgreiðslu  
af lager



CT - 55  
Hvitt háglans Settið: **59.900,-** stgr.



WLU 125  
Eik Settið: **37.900,-** stgr.



WLU 126  
Hvitt háglans Settið: **38.900,-** stgr.



WLU 126  
Eik Settið: **38.900,-** stgr.

Handlaugaskápar Neðri skápur

**SUMAR-  
TILBOÐ!**

**3** stærðir  
VERÐ FRÁ:  
**24.900,-** stgr.  
VERÐ ÁÐUR kr. 53.791,-



WLU 600 - 900

Innifalið í verði er skúffuskápur m/mjúklokun  
borðplata, höldur og ljóskappi

Stærðir:  
60x48 sm  
70x48 sm  
90x48 sm



WLU 147B  
Hvitt háglans **38.900,-** stgr.



WLU 126B  
Hvitt háglans **32.900,-** stgr.



WLU 126B  
Eik **32.900,-** stgr.



WLU 125B  
Eik **31.900,-** stgr.



CT - 75B  
Hvitt háglans **45.900,-** stgr.

www.i-t.is

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Opnir virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 6 Fjöldi viðskipta: 9  
 746 +0,36% Velta: 46,5 milljónir

MESTA HÆKKUN MESTA LÆKKUN  
 ↑ ÖSSUR +0,88% ↓ MAREL -0,9%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,19 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Færoya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 55,00 -0,90% ... Össur 115,00 +0,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Útlán dragast saman um þriðjung

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs fyrstu sex mánuði ársins námu 17,4 milljörðum króna, en það eru um þrjátíu prósentum minni útlán en á fyrstu sex mánuðum ársins 2008. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íbúðalánasjóði. Útlán drögust saman um 3,6 prósent frá fyrri mánuði og nam meðalútlán í júní-mánuði um 10,6 milljónum króna.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍBÚÐALÁNASJÓÐS**  
 Íbúðalánasjóður lánaði að meðaltali 10,6 milljónir króna til hvers lántaka í júnímánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

sjóð fyrir hugsanlegum afskriftum á einhverjum hluta lánasafnsins sem bréfin taka til. Byr er einnig óheimilt að selja íbúðabréfin á markaði, nema hvað selja má að hámarki þrjátíu prósent bréfanna á ári hverju frá og með næsta ári. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir einnig að samningurinn við Byr hafi engin áhrif á framboð íbúðabréfa á eftirmarkaði þetta árið.

- bpa

## Áhyggjur vegna hærri lágmarkslauna

Lágmarkslaun í Bandaríkjunum munu hækka úr 6,55 dölum í 7,25 dali á klukkutíma í lok mánaðarsins. Upphæðin jafngildir um 930 krónum. Um er að ræða þriðju hækkun lágmarkslauna á tveimur árum. Launin hækkuðu úr 5,15 dölum árið 2007 en þá varð fyrsta hækkun lágmarkslauna í áraradír.

Í viðtali við CNN sagði aðal- hagræðingur Moody's að margir atvinnuveitendur myndu eiga í erfiðleikum með að taka á sig

þessa hækkun, sérstaklega í atvinnugreinum sem háðar væru láglaunuðu vinnuafla svo sem afgreiðslufólki á veitingastöðum og verslunum.

Alríkisstjórnin ákvarðar lágmarkslaun en hvert ríki getur sett sínar reglur um hærri laun. Hækkunin að þessu sinni nær til 29 ríkja sem hafa lágmarkslaun sem eru lægri en hið nýja lágmark. Hæstu lágmarkslaun eru í Washington-ríki, 8,55 dalir eða um 1.100 krónur á klukkutíma. - bpa

## Opinn fundur

Kynningarfundur - Starfsleyfi fyrir kísilverksmiðju í Helgavík

Miðvikudaginn 8. júlí kl. 17  
 Duushúsi, Duusgötu 2, Reykjanesbæ

Kynnt verður tillaga að starfsleyfi fyrir Íslenska kísil-félagið ehf. Að lokinni framsögu gefst fundargestum kostur á að koma með athugasemdir og bera upp spurningar.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. júlí 2009.

Allir velkomnir

Nánar á Umhverfisstofnun.is



UMHVERFISSTOFNUN



063 700055893  
**Kamasa vasaljós**  
 Verð áður 1.423 kr.  
**Verð nú**  
**998 kr.**

063 70000862  
**Bitasett 33 stk.**  
 Verð áður 1.794 kr.  
**Verð nú**  
**1.290 kr.**



063 073001003  
**Felgulyklasett**  
 Verð áður 4.016 kr.  
**Verð nú**  
**2.490 kr.**

38%  
afsláttur

## Góðar græjur á góðu verði!

Nýttu þér júlítilboðin í verslunum okkar.



076 987783  
**Broil King - Sovereign 90 grill**  
 Verð áður 129.000 kr.  
**Verð nú**  
**96.998 kr.**

25%  
afsláttur



077 98140  
**Pizzupanna**  
 Verð áður 2.540 kr.  
**Verð nú**  
**1.998 kr.**



831 MP3 DOLPHIN 1GB  
**MP3 spilar, vatnsheldur**  
 Verð áður 13.900 kr.  
**Verð nú**  
**9.900 kr.**

29%  
afsláttur



077 77336  
**Grillbursti, stuttur**  
 Verð áður 695 kr.  
**Verð nú**  
**498 kr.**



077 40036  
**Tangasett**  
 Verð áður 2.790 kr.  
**Verð nú**  
**1.998 kr.**



063 700004588  
**Ljós með segli**  
 Verð áður 2.490 kr.  
**Verð nú**  
**1.998 kr.**



063 70000025  
**Prufuskrúfjárn**  
 Verð áður 839 kr.  
**Verð nú**  
**590 kr.**



063 700004279  
**Skrallskrúfjárn með 6 bitum**  
 Verð áður 1.616 kr.  
**Verð nú**  
**990 kr.**



260 TPC300  
**Straumbreytir**  
 Verð áður 15.895 kr.  
**Verð nú**  
**11.998 kr.**

24%  
afsláttur

877 33352  
**Universal plögg**  
 Verð áður 2.590 kr.  
**Verð nú**  
**1.998 kr.**



890 DC945KB  
**DeWalt borvél**  
 Verð áður 32.950 kr.  
**Verð nú**  
**26.900 kr.**

18%  
afsláttur



15%  
afsláttur af leðurköllum frá Arlen Ness, RST og Berik

25%  
afsláttur af O'Neal barnapeysubrynjum



20%  
afsláttur af Acerbis brynjum



Eigum til plöst á flest hjól

Tilboðin gilda út júlí eða á meðan birgðir endast.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS  
 Sími 440 1000

Meira í leiðinni





**LEIÐSÖGN** verður um Nesstofu í dag klukkan 15.30. Þá gengur Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir með gestum um Nesstofu og segir frá húsinu og fyrirhugaðri uppbyggingu safnasvæðis Seltirninga í Nesi. Nesstofa er opin alla daga í sumar á milli klukkan 13 og 17 og er aðgangur ókeypis. [www.laeknaminjasafn.is](http://www.laeknaminjasafn.is)

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447

**Bílaeigubílar Sumarhús í Danmörku**

Ódýrari bílaeigubílar fyrir Íslendinga.

Frá dkr. 2500,- vikan

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr. gjöld á flugvöllum). Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun. Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

**DanCenter**

Sumarhús  
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

**Danland**

Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á [www.fylkir.is](http://www.fylkir.is)

**FYLKIR.IS**  
FERDASKRIFSTOFA  
— Bestir í Danmörku

Sími 456 3795 - 896 3745

Auðglýsingasími  
512 5473

**ALLT**



„Ég fullyrði að ódýrasta viðhaldið á bílnum sé að láta smyrja hann reglulega,” segir Snjólfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
[rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

**VÍSIR.IS**

„...ég sá það á vísi”

## Ég er vanur drullunni

Áður en haldið er í langferð um vegakerfi landsins er hyggilegt að yfirfara bílinn. Snjólfur Kristmundsson í smurstöðinni á Dalvegi 16a í Kópavogi er inntur eftir helstu atriðum sem hafa þarf í huga.

„Mikilvægast er að nægileg olía sé á bílnum og réttur loftþrýstingur í dekkjum. Hann er misjafn eftir stærð hjólbarða og bíla en yfirleitt er hann gefinn upp í hurðarfalsi eða eldsneytisloki.“ Þannig byrjar Snjólfur leiðbeiningarnar. Heldur svo áfram. „Hemlarnir eru höfuðatriði, ég tala ekki um ef hjólhýsi eða annað þess háttar er í eftirdragi og allar perur verða að vera í lagi. Mikið öryggisatriði er líka að hafa góð þurrkublöð. Við erum komnir með grindarlaus blöð sem falla vel að bognum rúðum og þurrka mun betur en þessi hefðbundnu en við eignum þau líka. Grindarlaus blöð eru sérlega góð á veturna, þau eru

úr plasti og því frýs ekki á þeim. Ég er búinn að vera með svona blöð á bílnum mínum í nokkur ár og það er allt annað líf.“ Snjólfur er vélstjóri að mennt og var til sjós áður en hann fór í smurninguna. Þar er hann búinn að starfa í 33 ár og kann því vel. „Ég er svo vanur drullunni,” segir hann kíminn. Lengst af var hann á Stórahjalla í Kópavogi en í vor færði hann sig að Dalvegi 16a í enn stærra og betra pláss. Flestir láta yfirfara bílinn áður en þeir leggja af stað í langferðir, að sögn Snjólfur. Skipta um olíur og síur og tékka á almennu ástandi ökutækisins. „Ég fullyrði að ódýrasta viðhaldið á bílnum sé að láta

smyrja hann reglulega. Það margskilar sér, bæði í endingu og endursölu. Í viðskiptum með notaða bíla er góð smurbók mikið sölugagn og ég tel að ef hana vantar í bíl við sölu þá sé fólk að fela eitthvað.“ En er vissara að taka smurólú með í ferðalagið? „Margir hafa með sér lítra brúsa í skottinu en ef hann fer að leka innan um matvöruna og fötin þá verður það nú svolítið subbullegt. Ég mundi sjálfur sleppa því. Það er svo stutt á milli bensínstöðva í landinu. Athuga bara að kaupa réttu þykktina ef olíu vantar. Upplýsingar um hana eru í smurbókinni.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

**1**

**-15%**

**SMURVINNA**

afsláttur af vinnu við smur!

**olis**

**2**

**Tilboð**

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

**3**

**-15%**

**DEKK**

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

**BÍLKÓ**

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | [www.bilko.is](http://www.bilko.is) | Sími 557-9110

ATH. OPÍÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

# Á FERÐINNI

FÍB BLAÐIÐ er komið út. Meðal efnis er ítarleg úttekt á starfsháttum og framgöngu íslensku tryggingafélaganna gagnvart bifreiðaeigendum. [www.fib.is](http://www.fib.is)



Gist var í hlýlegum heimahúsum.



Undirlendið er af skornum skammti.

## Dó tuttugu sinnum á dag

Íll af rósaríni lagði að vitum Bjargar Juhlin kennara er hún gekk um hrikalegt fjalllendi Suður-Krítar í vor ásamt vinkonu sinni. Þær gistu oftast hjá svartklæddum konum sem leigðu út herbergi.

„Krit er góður staður fyrir þá sem vilja stunda útivist og fjallgöngur og þar er allt á hóflegu verði,“ segir Björg, sem hélt upp á sjötugsafmælið með hálfsmánaðarferð til hinnar grísku eyjar og fór í krefjandi göngur á hverjum degi. „Ég dó tuttugu sinnum á dag,“ segir hún hlæjandi og kveðst þó ýmsu vön úr fjöllum hér heima.

Björg fæddist í Noregi og í næsta húsi átti heima stúlka að nafni Kari. „Við vorum vinkonur frá blautu barnsbeini,“ segir Björg. „Svo flutti ég hingað til Íslands rúmlega tvítug og þá skildi leiðir. Undanfarin 25 ár hefur Kari farið til Krítar árlega og margoft hvatt mig til að koma með en ég var hrædd við mikinn hita. Svo ákvað ég að sjá hvað ég gæti. Við fengum ódýra farmiða þannig að ferðin sjálf kostaði um sextíu þúsund. Ég fór héðan að morgni 14. maí til

Óslóar og við vinkonurnar flugum samdægurs til Krítar. Það sem mig undraði mest þegar ég kom þarna suður eftir var hið mikla fjallendi. Suðurströndin er hrjóstrug og ekki mikið af trjám til að halda sér í. En þarna var bakpokafólk á öllum aldri, margt af því hefur tekið ástfóstri við svæðið og kemur þangað árlega. Vinsælasta gangan er um botn Samaria-gljúfursins en Kari hafði farið þar um einu sinni og fannst það ekki nógu spennandi. Við gengum um önnur gljúfur enda nóg af þeim í fjöllum. Á einum stað þurfti ég að klifra í kaðli og það kunni ég frá því í gamla daga. Reyndar var ég svo óheppin í seinni hálfleik þessarar ferðar að ég fékk bólgu í annað hnéð.“

Gististaðirnir voru vinalegir að sögn Bjargar. „Á bryggjum þar sem ferjurnar koma að standa oft svartklæddar konur og bjóða

gistingu. Þetta eru ekkjur. Fæstar þeirra kunna ensku en þær halda á miðum sem sýna hvað gisting hjá þeim kostar og svo er bara að fylgja þeim. Við greiddum yfirleitt milli 10-15 evrur hvor fyrir nóttina.“

Björg segir bara eina sandströnd á suðurhluta Krítar, aðrar strendur eru þakkar grjóti þannig að betra er að vera með dýnu ef á að sóla sig þar. En var ekki heitt? „Ég var þarna í maí og á daginn var hitinn um 20 stig þannig að sú martröð mín að ég yrði grilluð gekk ekki eftir,“ svarar Björg, sem trúir ekki öðru en að Krít verði vinsæl í kreppunni. „Þar er góður matur og gott veður og maður þarf ekki að vera í lúxusfatnaði, þvert á móti yrði maður frekar litinn hornauga í fínum fötum. „Fólkið þar leggur áherslu á önnur gildi.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Björg ákvað að slá til og skella sér til Krítar í tilefni sjötugsafmælisins.

## ÞESSI ER MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM  
Bíldshöfða 12 - 110 RVK - 577 1515 - skorri.is  
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

**TUDOR**  
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi

## Hringdu í síma 512 5060 ef blaðið berst ekki

## Allt í húsbílinn...

...í settum fyrir handlagna

**Gasmiðstöðvar  
1900 - 2800W**

**Sólarsellusettt í úrvali.**

**Vatnshitarar  
13L gas / 220V**

**rotor**  
20 ára  
1989 - 2009

**VERSLUN / VERKSTÆÐI**  
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður  
Sími 555 4900

Rótor ehf býður upp á viðgerðarþjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.

### Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið

Viðgerðir

Kælikápar

Reiðhjólgrindur

Ferðasalerni

Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á [www.rotor.is](http://www.rotor.is). lang - stærsti húsbilavefurinn

# útilega

MIÐVIKUDAGUR 8. JÚLÍ 2009

Elta góða veðrið uppi  
Hjónin Sævar Siggeirsson og Sigríður  
Arna Arnþórsdóttir hafa ferðast um á  
sama húsbílnum í tuttugu ár. **SÍÐA 2**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Láttu ekki tjóðra þig við staur í ferðalaginu! - framleiðið sjálf rafmagnið fyrir ferðavagninn



**EFOY Efnarafall**  
Alsjálfvirkir hleðslutæki í ferðavagninn sem býr til raforku úr metanóli. Sér um að halda rafgeymunum alltaf fullhlöðnum.



**Hágæða þýskar sólarrafhlöður**  
Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.



**AGM Rafgeymar**  
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



**12V í 230V Spennubreytar**  
230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



**Hleðslutæki mælar/rofar**  
og margt fleira.

**Fjarorka**  
græn orka er okkar fag

Eiðistorgi 17 170 Seltjarnarnes S. 578-5566 [www.fjarorka.is](http://www.fjarorka.is)



## ● KUGGUR FER Í ÚTILEGU

Börn verða títt óþreyjufull á ferðalögum, sérstaklega ef langt þarf að fara. Því er um að gera að hafa einhverja afþreyingu fyrir þau í bílnum, svo sem spil, tónlist eða góða bók. Nýlega var gefin út hjá Forlaginu tíunda bókin um hann Kugg eftir Sigrúnu Eldjárn. Hún ber heitið Útilega, sem á vel við á ferðalaginu. Þetta er lífleg og skemmtileg saga um ævintýrlega útilegu Kuggs og

Mosa, sem fara ásamt Málfriði og mömmu hennar í tjaldútilegu. Þau finna fallegan stað til að slá upp tjaldinu en fljótlega kemur í ljós að þar eru bæði ógnvekjandi og árásargjarnir fuglar og himinháir klettar. Auk þess geta svefnpokar verið stórhættulegir ef maður passar sig ekki.

## Minni tjaldstæði betri

„Þau eru nú mörg tjaldstæðin sem ég hef gist á og verst er að ég man svo illa hvað þau heita,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, og brosir. Hann segist frekar gefinn fyrir minni tjaldstæðin en þau stóru. „Við fjölskyldan förum alltaf í að minnsta kosti eina útilegu á sumri með Íslenskri ættleiðingu en ein af eftirminnilegri útilegum sem ég hef farið í var sumarið 1996, stuttu eftir að ég flutti heim,“ segir Árni, sem bjó í sautján ár í Svíþjóð.

„Þá ætluðum við að fara á Flúðir en þar var allt fullt og því tjölduðum við aðeins neðar, rétt fyrir ofan Skeiðar. Þá keyrðum við Skeiðavegin fram hjá Brautarholti og Árnesevigi á hægri hönd, fram hjá afleggjaraanum að Skálholti á vinstri hönd og beygðum svo inn næsta afleggjara þar fyrir ofan,“ segir Árni en því miður man hann ekki nafnið á tjaldstæðinu góða. „Tjaldstæðið er á vegum bónda á staðnum, frekar lítið og snorturt á fallegu túni, og það sem er mér sérstaklega minnstætt er hvað dóttir mín, þá á öðru ári, skemmti sér konunglega,“ segir hann og bætir við að góðar minningar hafi einkum fest sér staðinn í minni. „Ég held meira



Árni segir að bestu tjaldstæðin séu þar sem börnunum líði vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að segja að það hafi verið rigning en okkur fannst bara gott að veðrið væri ekki þrjálað svona í fyrstu útilegunni á Íslandi í langan tíma. Í raun var svolítið skandinavísk stemning þarna.“

Annað tjaldstæði sem Árni heldur upp á, og þekkir nafnið á, er Laugaland í Holtum. „Þar var mjög skemmtilegt, gott veður og sunlaug,“ segir hann og hlær. „Börnin höfðu þar nóg fyrir stafni og leið vel og er það skemmtilegast.“

-hs



Sigríður segist ekki hafa verið ýkja hrifin í upphafi af umræðu um húsbílaup.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Ferðast um í húsbílnum

Hjónin Sævar Siggeirsson og Sigríður Arna Arnþórsdóttir hafa ferðast um á húsbíl í tuttugu ár og farið víða.

„Þetta er fyrsti og eini húsbíllinn sem við höfum notað,“ segir húsbílaeigandinn Sævar Siggeirsson. „Þetta hafði verið draumur Sævars lengi. Ég var ekki eins hrifin,“ upplýsir Sigríður Arna Arnþórsdóttir, kona hans, brosandí. „Ég átti ekki von á því að hann léti verða af þessu en svo keypti hann bíl. Ég hef ekki séð eftir því.“

Sævar segist hafa verið úti á sjó í tuttugu ár. „Þegar ég kom í land yfir sumartímamann og átti pantaðan bústað þá var rigning í þeim landshluta. Við keyptum bíllinn til að geta fundið sólina og gott veður.“

Sigríður og Sævar segjast hafa farið í tjaldútilegur áður en þau keyptu húsbíllinn. „Við vorum búin að fara í tjaldútilegur í fínu veðri en líka útilegur þar sem tjaldið var við það að fjúka og rigna niður. Ég



Sævar og Sigríður eru sammála um að húsbíllinn sé eins og hluti heimilisins.

var eiginlega ákveðin í því að ég væri hætt tjaldferðalögum.“

Sævar og Sigríður hafa ferðast víða um land á húsbílnum. „Við erum alltaf að sjá eitthvað nýtt.“

Aðspurð segir Sigríður að erfitt sé að tiltaka ákveðna ferð sem sé eftirminnilegust en Sævari finnst það auðveldara. „Við förum inn í Landmannalaugar fyrir nokkrum

árum og Fjallabaksleið syðri til baka,“ upplýsir Sævar. Hann segir

að Landmannalaugar séu meðal uppáhaldsstaða hans á landinu og Sigríður samsinnir því. „Lengi fannst mér ómissandi að fara í Landmannalaugar á haustin til að hlaða batteríin fyrir veturinn en sá staður sem ég er á hverju sinni er minn uppáhaldsstaður.“

-mmf

## Sungio við varðeldinn fram á rauða nótt

Grill, gítarspil og tjaldútilega í Básum beið tvö hundruð manna hóps á vegum líkamræktarfróðs tækisins Boot Camp sem gekk yfir Fimmvörðuháls nýlega. Arna Hlín Daníelsdóttir tók þátt í fjörinu.

„Ég hef verið að æfa í Boot Camp síðastliðin þrjú ár en þetta er í fyrsta sinn sem ég fer í svona alvöru göngu. Fór reyndar þrjár vikur upp á Esjuna til að æfa mig en þetta var allt öðru vísi. Fimmvörðuhálsinn er á milli Skóga og Þórsmerkur og leiðin er ekki eins brött og upp á Esju en miklu lengri,“ lýsir Arna Hlín.

Hópurinn lagði af stað klukkan sex að morgni úr Reykjavík og í gönguna frá Skógum klukkan rúmlega níu. „Veðrið var ekkert sérstakt til að byrja með svo við klæddum okkur vel en fljótlega rofaði til og hlýnaði,“ segir Arna Hlín. „Við stelpurnar vorum því komnar á hlýrabolina og strákarnir úr að ofan áður en langt um leið og fatnaðurinn varð að aukafarangi.“



Arna Hlín í faðmi fjalla ásamt kærastanum Sveinbirkja Claessen.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Þrátt fyrir að Boot Camp sé þekkt fyrir krefjandi æfingar segir Arna Hlín stóran hluta hópsins hafa tekið því rólega og notið fagurs útsýnsins. „Þó voru líka margir sem hlupu og þeir sem hraðast fóru voru tvo og hálfan tíma. Fleiri fóru geyst í byrjun en ákváðu að hægja á sér og njóta

frekar göngunnar í góða veðrinu. Hver og einn fór á sínum hraða og fólk var allt frá tveimur og hálfum upp í nínu tíma á leiðinni. Ég var sex og hálfan.“

Þegar í Þórsmörk kom tók við útilega í svokölluðu Strákagili. Arna Hlín segir hana þó alls ekki bara hafa verið fyrir stráka. „Það



Grillað í fráberu veðri í Þórsmörkinni.

voru allir velkomnir og þetta var æðislegt,“ segir hún. „Við byrjuðum á að baða okkur í læknum sem rennur í gílinu því röðin í sturtuna var svo löng. Svo var grillað og sungio við varðeld fram á rauða nótt og flugeldum skotið upp á miðnætti.“

Tjöld, matur og annar farangur

hafði verið sendur inn í Þórsmörk á undan hópnum. Meira að segja var búið að reisa tjöldin. „Sveinbjörn Sveinbjörnsson sá um skipulagninguna og á heiður skilinn fyrir hana,“ segir Arna Hlín og bætir við: „Svona ferð er ógleymanleg þeim sem taka þátt og árlegur viðburður hjá Boot Camp.“

-gun



# Þeysast á mótorhjólum um fjöllin blá

Blue Mountain Tours er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðamennsku á mótorhjólum og fjórhjólum um Ísland.

„Þetta er annað sumarið okkar. Í fyrra stíluðum við aðallega inn á útlendinga og vorum lítið sýnileg. Þá vorum við bara með eina tegund mótorhjóla. Í sumar opnuðum við nýtt húsnæði að Rofabæ 9 og stækkuðum við okkur, tókum inn fleiri tegundir af hjólum, bæði fjórhjól og Enduro-hjól, og erum með verkstæði, verslun og mótorhjólaleigu,“ segir Sverrir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Mountain Tours, sem stofnaði fyrirtækið árið 2006 ásamt konu sinni Herdísi Jónsdóttur. Þau fóru þó ekki af stað með reksturinn fyrr en í fyrrasumar og þá í félagi við bróður Sverris, Hauk, og konu hans Theódóru B. Heimisdóttur.

Báðir hafa bræðurnir mikla reynslu af mótorhjólum og ferðalögum. Hefur Sverrir farið á mótörhjól í kringum hnöttinn og Haukur hefur keppt í Enduro- og mótorcrosskeppnum innanlands sem utan.

Sverrir segir ganga hægt en þó örugglega að vekja athygli Íslend-



„Þetta er alveg sérstök tegund ferðamennsku,“ segir Sverrir Þorsteinsson framkvæmdastjóri Blue Mountain Tours. Sverrir hefur töluverða reynslu af mótorhjólum og ferðalögum enda ferðaðist hann á slíku mótorhjól hringinn í kringum hnöttinn.

MYND/BLUE MOUNTAIN TOURS

inga á þessum ferðamáta. Enn séu útlendingarnir í miklum meirihluta þeirra sem kaupir ferðir hjá þeim. „Útlendingarnir eru allir mjög hrifnir. Þeir koma með væntingar sem við uppfyllum alveg sinnum þrír,“ segir Sverrir. Hann

segir að margir þeirra sem fari í ferðir hjá þeim stefni á að koma aftur. „Þetta er alveg sérstök tegund af ferðamennsku. Við förum vítt og breitt um hálendið, stundum í helgarferðir eða í lengri fimm til sex daga ferðir,“ segir hann.

Sverrir segir þá ferðamenn sem sækja til þeirra yfirleitt koma sérstaklega til landsins til að fara í mótorhjólaför. „Langflestir hafa reynslu af mótorhjólum og koma oft með eigin búnað en kaupa af okkur ferðina, það er, leiðsögn,

mat og gistingu auk þess að leigja hjólin,“ segir Sverrir og bætir við að hjá Blue Mountain Tours sé lögð áhersla á litla hópa og persónulega þjónustu. Þeim sem vilja fræðast nánar um fyrirtækið er bent á [www.bluemountain.is](http://www.bluemountain.is).

-sg



Aðalheiður fór niður að Víti og baðaði sig í vatninu.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Alveg eins og að koma til tunglsins

Aðalheiður Halldórsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknunum, hefur ferðast mikið innanlands síðustu ár. Umbeðin á hún ekki í vandræðum með að rifja upp eftirminnilega útileguferð, en hún var farin síðla sumars í fyrra þar sem gist var við Öskju og Herðubreiðarlindir. Um aðdraganda þeirrar ferðar segir hún: „Ég heimsótti ættingja í sumarbústað norður í Eiðsholti í Blöndudal, eftir ferð til Vestfjarða ásamt syni mínum og kærasta. Þar sem kærastinn var að fara á veiðar í Mývatnssveit ákvað ég að koma syninum í umsjá ættingjanna og heimsækja Öskju og Herðubreiðarlindir.“

Aðalheiður ferðaðist á bifreið kærastans, gömlum Suzuki-jeppa frá níunda áratugnum, og lét sig ekki muna um að keyra yfir nokkrar ár á leiðinni þrátt fyrir að vera meinilla við það. „Tilhugsunin hefur gert mig óttaslegna alveg síðan ég festist sem krakki í rútu í miðri á í Þórsmörk,“ útskýrir hún og bætir við að hún hafi þó látið sig hafa það en gætt þess að fara yfir ána í samfloti við aðra. Ferðin gekk átakalaust fyrir sig og þegar á leiðarenda var komið varð Aðalheiður síður en svo fyrir vonbrigðum. „Upplifunin var ótrúleg. Þarna gekk ég um á svartri auðn sem minnti einna helst á tunglið.“



Aðalheiður Halldórsdóttir hefur ferðast víða um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Svo fór ég niður hlífarnar og ofan í Víti, þar sem allir baða sig naktir,“ segir hún og bætir við að hún hafi hins vegar haldið sig í sundfötunum.

Aðalheiður gisti eina nótt við Öskju, en daginn eftir var fönni heitið til Herðubreiðarlinda þar sem ekki tók við síðri náttúrufegurð. „Ég gekk um í hrauninu dágóða stund og dáðist að fegurðinni,“ rifjar hún upp og segir þessa útileguferð sjálfsagt eftirminnilega meðal annars vegna þess að hún hafði engan til að deila reynslunni með. „Þar af leiðandi þurfti ég ekki að færa upplifunina í orð og þess vegna varð hún svona sterk.“

-rve

## Glaðheimar

ævintýraland ferðalangansins!



Tjaldstæði og gistihús mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar!

Frábært skjólgott og gróið tjaldsvæði. Gott þjónustuhús þar sem eru kynjaskipt klósett og sturtur, aðstaða til að skipta á ungabörnum, þvo þvott og þurrka.

Gistiaðstaða í vel útbúnum smáhúsum, 3ja til 8 manna.

Pottar og sauna í flestum húsum. Góður kostur sumar sem vetur.

Stutt er í hestaleigu og alla helstu þjónustu eins og verslun og veitingastaði á Blönduósi.

Upplýsingamiðstöð er staðsett á tjaldsvæðinu.

Glaðheimar 540 Blönduós 820 1300 /690 3130  
[gladheimar@simnet.is](mailto:gladheimar@simnet.is) [www.gladheimar.is](http://www.gladheimar.is)

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið



Hundar eru leyfðir á 53 tjaldsvæðum samkvæmt vefnum [www.tjalda.is](http://www.tjalda.is).

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Dýrahald á tjaldsvæðum

Umsjónarmenn tjaldsvæða ákveða á hverjum stað hvort hundar séu leyfðir. Á heimasíðunni [www.tjalda.is](http://www.tjalda.is) er hægt að nálgast upplýsingar um hunda á tjaldsvæðum með því að slá upp orðinu hundar í leitarvél síðunnar.

„Sumir vilja ekki aðkomu hunda á tjaldsvæðið vegna þess að þeir eru með önnur dýr en aðrir leyfa hunda í bandi sem eigendurnir þrifa upp eftir,“ segir Geir Gígja, áhugamaður um útilegur, sem sér um vefsíðuna [www.tjalda.is](http://www.tjalda.is). Á vefnum eru talin upp rúmlega 160 tjaldsvæði og eru hundar leyfðir á 53 þeirra. „Ég hef ekki fengið tæmandi lista yfir tjaldsvæði á landinu en held að ég geti næstum því sagst vera með öll.“

Aðspurður segist Geir ekki hafa fengið fyrirspurnir um önnur dýr á tjaldsvæðum og hefur því ekki aflað sér upplýsinga um það.

-mmf



Hundasúrir eru hollar og bragðgóðar og finnast víðast hvar á íslenskrum grundu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

## Ýsa með hundasúrum

Í uppskriftabókinni Með veislu í farangrinum – Matreiðslukverferðamannsins má finna alls konar hollar og spennandi uppskriftir sem henta á ferðalögum. Ýsa með hundasúrum er þar á meðal og kjörið að nýta sér gróður sem finna má víðast hvar um hölt og hæðir.

-hs

### UPPSKRIFT

#### Ýsa með hundasúrum

fyrir fjóra

800 g ýsa, roð- og beinlaus

100 g smjör

2 laukar

5 dl hundasúrir, þvegnar og saxaðar

salt og pipar

Saxið lauk og steikið í smjörinu þar til hann verður glær. Blandið hundasúrunum saman við laukinn, saltið og piparið og látið malla í um fimm mínútur. Smyrjið pönnuna og raðið fiskibitum á hana, hellið að lokum lauknum og hundasúrunum yfir fiskinn, lokið pönnunni og sjóðið í fimm til tíu mínútur.

# Ný þjónustumiðstöð tekin í notkun

Nú þjónustumiðstöð verður opnuð við tjaldstaðið í Sandgerðisbæ hinn 10. júlí. Er hún um sextíu fermetrar að grunnfleti með timburklæddum palli hringinn um kring.

Í húsinu verður salerni og sturtuadstaða fyrir fatlaða með tilliti til hjólastólaaðgengis og aðskilin rými fyrir karla og konur með tveimur vatnssalernum og sturtu í hvoru rými ásamt þvottaadstöðu og snyrtingu. Þvottavél og þurrkari fylgja þvottaadstöðu. Geymsla er fyrir þjónustuaðila og skrifstofa fyrir umsjónarmann, sem verður nettengd.

Tveir vaskar verða í skoti að sunnanverðu til uppþvotta. Þar er einnig slanga til áfyllingar vatns. Rafmagn verður á fjórum stöðum á svæðinu með samtals þrjátíu tenglum. Stútar fyrir vatn verða einnig á tveimur.

Svæðið er ákjósanlegt til útiveru. Margar aksturs- og gönguleiðir eru frá svæðinu og stutt í alla þjónustu, svo sem sundlaug með rennibrautum og heitum pottum. Veitingastaðir og verslanir eru í göngufæri eins og flest annað í bænum. Nýu hólur golfvöllur er í nágrenninu og margt fleira.



Nýja þjónustumiðstöðin verður tilbúin 10. júlí.

MYND/REYNIR SVEINSSON

**SPORT 2**

**ENSKI BOLTINN HEFST Í ÁGÚST**  
VERTU MED FRÁ UPPHAFI

**STERKUSTU FÉLAGSLIÐ HEIMS HITA UPP FYRIR HAUSTIÐ**

AUDI CUP | THE WEMBLEY CUP | EMIRATES CUP | WORLD FOOTBALL CHALLENGE | LIVERPOOL LEIKIR

**STÓRVIÐBURÐUR Í**

**JÚLÍ**

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA

**SPORT**

**FORKEPPNI MEISTARADEILDARINNAR**

HVERJIR KOMAST Í RIÐLAKEPPNINA?

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

**SPORT**

**SJÁÐU BESTU KYLFINGA HEIMS**

PGA MÓTARÖÐIN

**SPORT**

**SUMARMÓTIN**

FRAMTÍÐARSTJÖRNUR ÍSLANDS LEIKA LISTIR SÍNAR

**SPORT**

**FJÖGURRA DAGA FORMÚLUVEISLA**

Í ÞÝSKALANDI OG UNGVERJALANDI

besta sætið











Sumartónar í Elliðaárdal  
Tónleikar á fimmtudagskvöldum í júlí  
í Fella- og Hólakirkju

9. júlí kl. 20:  
**Aarhus Universitetskor**  
Einn af bestu kórum Danmerkur  
flytur dönsk sumarlag ásamt verkum  
efir íslensk og dönsk tónskáld  
Stjórnandi Carsten Sejer-Hansen

Matar selðir við innganginn og í verðuninni  
12 Tónar við Skólavörðslu, verð 1000 kr.  
Kaffihúsið í Gerðubergi verður opið kl. 18-22

Návarn upplýsingar á vef Sumartóna:  
<http://sumartonar.wordpress.com>

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Mikið úrval af skrufum.

Ryðfríar Torx treskrufur.

Verðdæmi:  
4x50mm,  
200 stk.

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

**1.559 kr.**

**MÚRBÚÐIN**  
- Afslátt eða gott verð?  
Sími 412 2500 - [www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)

Auglýsingasími  
**512 50 50**



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja  
Gunnarsson



## Raunveruleikasjónvarpið Ísland

Í Bretlandi hefur Big Brother-raunveruleikasjónvarpið notið ótrúlegra vinsælda. Þættirnir ganga út á að hópi fólks er komið fyrir í myndveri, fylgst er með því allan sólarhringinn og áhorfendur fá að sjá venjulegt fólk sýna af sér óvenjulega hegðun í absúrd aðstæðum.

Celebrity Big Brother gefur fyrirrennara sínum ekkert eftir en þar er safnað saman fólki sem hefur orðið gleymskunni að bráð, dustað af því rykið og það sett fyrir framan myndavélarnar á ný. Fæst af þessu fólki gengur heilt til skógar og útkoman er því oft fremur grátbrosleg.

Og stundum fær maður það á tilfinninguna að við Íslendingar séum fastir í Celebrity Big Brother. Að

landið sé stóra sviðið og tókuvélar leynist í hverju horni. Þannig var til að mynda ákaflega skemmtilegt að skoða viðbrögð bloggheimsins við viðtali Davíðs Oddssonar í Morgunblaðinu á sunnudaginn.

Sömu einstaklingarnir skrifuðu sömu blogg færsluna og þeir höfðu skrifað eftir viðtalið í Fyens Stiftstidende og Kastljós-viðtölunum tveim. Klisjurnar streymdu fram á netinu sem aldrei fyrr, sumir urðu óskaplega reiðir út í Foringjann, aðrir voru handvissir um að viðtalið boðaði endurkomu þessa mikla stjórnmálaskörungs. Þetta varð allt svo surrealistiskt að þetta minnti einna helst á óvanta endurkomu einhvers brottrekins þátttakanda í Celebrity Big Brother. Auðvitað var þetta hin mesta skemmtun, rétt eins Celebrity Big Brother vafalítið er. Og þetta verður allt endurtekið, svo lengi sem Davíð mætir í viðtöl.

## myndasögur

### ■ Pondus



### ■ Gelgjan



### ■ Handan við hornið



### ■ Kjölturakkar



### ■ Barnalán



### SUMARSÝNING:

Jón Baldvinsson listmálari opnar sýningu í Perlunni miðvikudaginn 8. júlí. Á sýningunni eru tvennskonar verk, Fljúgandi fyrirbæri og landslagsstemningar.

Engin boðskort eru send út að þessu sinni, en Jón vonast til þess að sjá sem flesta.

SÝNINGIN STENDUR TIL 31. JÚLÍ.

# SÓMA PIZZA

BAKAST Á AÐEINS 10 MÍNÚTUM!

NÝTT



PIZZAN ER FERSK OG KLÁR Í OFNINN.  
BAKAST Á AÐEINS 10 MÍNÚTUM VIÐ 200 C° HITÁ.



SÓMI



> Slavica kemur ekki aftur

Makedónska körfuboltakonan Slavica Dimovska mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki spila á Íslandi næsta vetur en hún var lykilmáður hjá Íslandsmeisturum Hauka á síðasta tímabili.



HJÖRTUR JÚLIUS HJARTARSON: ER Á LEIÐINNI Á EM Í FINNLANDI Á VEGUM RÚV OG MISSIR AF LEIKJUM ÞRÓTTARA

Petta er alls ekki draumastaðan fyrir mig

Fótboltinn og vinnan lenda í árekstri hjá Hirti Hjartarsyni, sóknarmanni Þróttar, seint í ágústmánuði. Hjörtur starfar sem kunnugt er sem íþróttafréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu og verður sendur út til Finnlands til að fjalla um Evrópumót kvennalandsliða þar sem íslensku stelpurnar verða í eldflínunni.

Hjörtur verður því að taka sér frí frá sinni eigin fótboltaíðkun á meðan hann færir Íslendingum fréttir frá Evrópumótinu. „Þetta er alls ekki draumastaðan fyrir mig, það verður að segjast. Einhvern tímann hefði fótboltinn verið í efsta sæti hjá mér en ég er kominn á síðustu metrana í boltanum og er búinn að finna mitt framtíðarstarf.



við að missa af tveimur leikjum Þróttara í Pepsi-deildinni vegna vinnuferðarinnar til Finnlands en það er þó ekki alveg ljóst þar sem ekki er búið að negla niður ferðaáætlun. Hann segir það vissulega ekki skemmtilega tilhugsun að þurfa að yfirgefa Þróttaraliðið á þessum tímamarki en hann verði að velja og hafna.

„Ég og Gunnar (Oddsson) höfum mikið rætt það í sumar hvernig málin standa vegna vinnu minnar. Við eigum eftir að ræða nánar um þessa Finnlandsferð en það er náttúrulega bara tveggja manna tal,“ sagði Hjörtur, sem hefur skorað tvö deildarmörk fyrir Þrótt á leiktíðinni. Enginn leikmaður liðsins hefur skorað fleiri mörk en tvö í fyrstu tíu umferðum mótsins og liðið hefur átt í miklu basli.

Próttur er sem stendur í neðsta sæti deildarinnar og hver leikur er úrslitaleikur fyrir Þróttara. Íslenska kvennalandsliðið á sinn fyrsta leik á Evrópumótinu hinn 24. ágúst þegar það mætir Frakklandi en Próttur leikur gegn ÍBV og FH í lok þess mánaðar. Þróttarar verða að reiða sig á að aðrir leikmenn en Hjörtur sjái um að skora mörkin í þeim leikjum.

sport
sport@frettabladid.is

Breiðablik hefndi ófaranna

Breiðablik vann í gær 2-1 sigur á Þór/KA í bikarkeppni kvenna og tryggði sér þar með sæti í undanúrslitum keppinnar. Fyrsta markið kom eftir 29 sekúndur.

FÓTBOLTI Breiðablik tryggði sér í gærkvöldi sæti í undanúrslitum VISA-bikarkeppni kvenna með 2-1 sigri á Þór/KA á heimavelli. Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir skoruðu mörk Blika en Bojana Besic minnkaði muninn fyrir Þór/KA með marki úr vítaspjrynu.

Þessi lið mættust í deildinni föstudaginn síðastliðinn og þá vann Þór/KA 2-0 sigur. Gary Wake, þjálfari Breiðabliks, sagði sigurinn ekki síður mikilvægan í því ljósi. „Það er mikill léttir fólginu í því að vinna lið sem vann okkur fyrir nokkrum dögum síðan. Það eykur sjálfstraust leikmanna,“ sagði hann.

„Mér fannst við ná að stjórna leiknum vel í fyrri hálfleik og héldum boltanum ágætlega. Þær voru meira að elta okkur. Við áttum svo von á því að þær myndu setja meiri þrýsting á okkur í seinni hálfleik en mér fannst við ná að spila nokkuð skynsamlega. Það er svo sem aldrei öruggt að vera með tveggja marka forystu í leik en það var þó gott að fá þessi tvö mörk.“

Breiðablik komst yfir með marki eftir einungis 29 sekúndur. Þór/KA byrjaði með boltann en fljótlega komust Blikar í sókn og gaf Harpa sendingu á Berglind sem átti gott skot að marki á vítateigslínunni.

Fram að síðara marki Breiðabliks áttu gestirnir tvær marktilraunir sem höfnuðu í stöng og slá. Fyrst átti Besic skot í slá af löngu færi úr aukaspjrynu og snemma í síðari hálfleik náði Mateja Zver að koma lúmsku skoti að marki Blika sem hafnaði í stönginni.

Blikar fengu einnig sín hættulegu færi en fyrirlíðinn Erna Björk Sigurðardóttir átti skalla í slá á 64. mínútu.

Aðeins tveimur mínútum síðar komust Blikar í 2-0. Harpa var þar að verki með skoti af stuttu færi eftir góðan undirbúning Fannðis-ar Friðriksdóttur sem síðar þurfti að bera meidda af velli.

Þór/KA fékk svo umdeilda vítaspjrynu undir lok leiksins sem Besic skoraði af öruggi úr.



DYRMÆTT MARK Harpa Þorsteinsdóttir fagnar eftir að hafa komið Blikum í 2-0 í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gary Wake leit björtum augum á framhaldið í deildinni eftir leikinn í kvöld.

„Ég var ánægður með að sjá að stelpurnar geta spilað svona vel. Ef þær halda sama dampi út tímabilið munum við ná að setja mikla pressu á hin liðin í toppþáttunni. Við verðum bara að sjá til hvað það fleytir okkur langt.“

Rakel Hönnudóttir, leikmaður Þórs/KA, var einnig bjartsýn á framhaldið þrátt fyrir tapið í kvöld.

„Þetta var þrátt fyrir allt ágætur leikur hjá okkur. Kannski ekki okkar besti leikur en það er erfitt að lenda svo snemma undir gegn liði eins og Breiðabliki. Við vorum bara allt of seinar í gang.“

„En mér fannst við síst lakara liðið í leiknum og við hefðum getað skorað fleiri mörk. Nú fáum við tækifæri til að einbeita okkur að deildinni og við ætlum okkur að vinna restina af leikjunum sem við eigum þar.“

eirikur@frettabladid.is

Fylkir skoraði fjögur mörk í seinni hálfleik og komst í undanúrslit VISA-bikars kvenna:

Bikarævintýri Eyjastelpna á enda

FÓTBOLTI Bikarævintýri 1. deildarliðs ÍBV í kvennabolttanum tók enda í gær þegar liðið tapaði 4-0 fyrir Fylki. Öll mörkin komu í seinni hálfleik en fyrir leikinn hafði Eyjalíðið lagt tvö úrvalsdeildarlið að velli í keppninni.

„Maður var farinn að trúá því að eitthvað gæti gerst þegar við gerðum þessi glúrulausu mistök í fyrsta markinu. Það drap okkur bara,“ sagði Jón Ólafur Daníelsson, þjálfari ÍBV.

Fylkisliðið braut ísinn eftir óbeina aukaspjrynu en markvörður ÍBV hafði þá tekið bolt-



TVÖ MÖRK Anna Björg Björnsdóttir skoraði tvö mörk fyrir Fylki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ann með höndum eftir sendingu samherja aftur til hennar.

Björn Kristinn Björnsson, þjálfari Fylkis, var ósáttur við spilamennsku síns liðs í fyrri hálfleik. „Það þurfti að setja vekjaraklukkun í gang í hálfleiknum. Allir sem hafa stundað einhverjar íþróttir vita að þú þarft að hafa fyrir hlutunum,“ sagði Björn.

Anna Björg Björnsdóttir og Danka Podovac skoruðu tvö mörk hvor í leiknum en ljóst er að ungt lið ÍBV á framtíðina fyrir sér og sýndi fína takta í gær, sérstaklega í fyrri hálfleiknum. - egm

VISA BIKAR KVENNA

8 LIÐA ÚRSLIT

Table with 2 columns: Team name and Score. Includes matches like Breiðablik-Þór/KA 2-1, 1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (1), 2-0 Harpa Þorsteinsdóttir (66.), 2-1 Bojana Besic, vltí (81.), Fylkir-ÍBV 4-0, 1-0 Danka Podovac (52.), 2-0 Anna Björg Björnsdóttir (61.), 3-0 Danka Podovic (74.), 4-0 Anna Björg Björnsdóttir (82.), Stjarnan-KR 3-0, 1-0 Karen Sturludóttir (28.), 2-0 Björk Gunnarsdóttir (85.), 3-0 Björk Gunnarsdóttir (90.+2), Völsungur-Valur 0-4, 0-1 Dagný Brynjarsdóttir (58.), 0-2 Dagný Brynjarsdóttir (65.), 0-3 Kristín Ýr Bjarnadóttir (70.), 0-4 Kristín Ýr Bjarnadóttir (88.).

Það verður dregið í undanúrslitin í höfuðstöðvum KSÍ í hádeginu í dag.

Mark Rutgers miðvörður KR: Tognaði á hálsi

FÓTBOLTI Hollenski varnarmaðurinn Mark Rutgers fór meiddur af velli í 2-0 sigri KR á Víði í VISA-bikarnum. Rutgers fékk hnykk á hálsinn og toгнаði.

Rutgers gæti verið frá í viku og er óvíst hvort hann geti leikið með gegn Val á laugardag. Logi Ólafsson, þjálfari KR, er ekki búinn að gefa upp alla von. Það er ljóst að KR verður án markvarðarins Stefáns Loga Magnússonar í leiknum þar sem hann verður í leikbanni. - egm



JAZZHÁTÍÐ Í SKÓGUM UNDIR EYJAFJÖLLUM
JAZZ undir Fjöllum 10.-12. JÚLÍ
Föstudagur 10. júlí Félagsheimilið Fosshúð kl. 21:00
Trió Ómars Guðjónssonar
Laugardagur 11. júlí Byggðasafnið í Skógum - Samgöngusafn / Skógakaffi
Kl. 13:00 Trió Sigurðar Flosasonar Kl. 15:00 Trió Jóels Pálssonar
Kl. 14:00 Jóel og Eypór Kl. 16:00 Skógakvartettinn
Laugardagur 11. júlí Félagsheimilið Fosshúð kl. 21:00
Swingað með Ragga Bjarna Hljómsveit Eypórs Gunnarssonar
Sunnudagur 12. júlí Skógakirkja kl. 14:00
Ellen og Eypór - Sálmar & fleira
STYRK TARADILAR
TÓNLISTARSJÓÐUR MENNINGARRÁÐ SUÐURLANDS HOTEL RANGA Luxury Resort & Dining SKÓGASAFN



# 白菜

## Áhugaverðar staðreyndir um ræktunarsögu og bragðmildi kínakáls

Hentar vel til frystingar ef það er sett í sjóðandi vatn í eina mínútu og strax í frysti þegar það hefur kólnað

Nauðsynlegt er að pakka því í plast ef það hefur verið skorið niður ella þornar það upp

Er mildara á bragðið en aðrar káltegundir og hentar þess vegna einkar vel í salöt

Er alveg fitusnautt



Ræktun byrjaði á Íslandi í kringum árið 1975

Er kallað pe-tsai í flestum löndum sem var þýtt kínakál yfir á íslensku og er skrifað 白菜 á kínversku

Best er að skera ½ cm neðan af stilknum og borða allt annað

Geymist í allt að tvær vikur í kæli

islenskt.is

DÚ VEIST  
HVADAN ÞAD  
KEMUR





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

The Closer

Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.



VIÐ MÆLUM MED

Monitor SkjárEinn kl. 20.30

Skemmtipáttur fyrir ungt fólk. Í þættinum í kvöld verður fylgst með bílaáhugamönnum úr Live2Cruize auk þess sem viðtal verður við einn heitasta piparsvein Bandaríkjanna. Lambi heldur áfram að kanna visku fólksins á götunni og Steindi Jr. verður á sínum stað með létt grín. Kynnir þáttarins er Erna Bergmann.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunfrúin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunfrúin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Trío
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Á sumarvegi
- 14.03 Söngvamá
- 15.03 Útlarpssagan: Sumar í Sóltúni
- 15.25 Með flugu í höfðinu
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Á sumarvegi
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Fólk og fræði
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus
- 22.45 Kvöldtónar
- 23.10 Vistaskeipti
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (227:260)

17.15 Hollyoaks (228:260)

17.40 X-Files (19:24)

18.25 Seinfeld (7:24) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

18.45 Hollyoaks (227:260)

19.15 Hollyoaks (228:260)

19.40 X-Files (19:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yf-írátturuleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

20.25 Seinfeld (7:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Aliens in America (13:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin, sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.

22.05 Bones (18:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögregluáðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verður sú hvort þau komi nokkurn tímann til með að verða par.

22.50 Little Britain (3:6)

23.20 My Name Is Earl (15:22)

23.45 Sjáðu

00.15 Aliens in America (13:18)

00.40 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 Blackadder II 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 Blackadder II 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 Blackadder the Third 19.00 Gavin And Stacey 19.30 Lead Balloon 20.00 Dalziel and Pascoe 20.50 Gavin And Stacey 21.20 Lead Balloon 21.50 EastEnders

DR 1

11.00 Sá for sommer 11.30 Onskøhøven 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolddomsæsken 15.30 Til dans, til vands og i luften 15.50 Sallies historier 16.00 Supernabo 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Husker du... - Highlights fra 70'erne 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Diagnose søges 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVejret 19.35 Åftentour 2009 20.00 Blodrode diamanter

NK1

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisi gull jukeboks 13.55 6 poeng 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Olivia 16.10 Didrik og Dorte 16.20 Postmann Pat 16.35 Mamma Mirabelle viser dyregåter 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Millionær i forkledning 18.20 Hege &amp; Holmen 18.45 Vikinglotto 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Spilost torsvunnet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Vår aktive hjerne 21.45 Lognens pris 22.40 Borneos hjerte 23.35 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Min egen väg 10.35 Eufori på Skansen 12.15 Roxanne 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Hedebybörna 15.50 Så såg vi sommaren då 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Namnam med Norman 16.45 100 procent bonde 17.15 Jan och sparvöknen 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial 19.00 Hunter 20.00 Entourage 20.55 Simma lugnt, Larry! 21.15 Sommarkväll med Anne Lundberg

NÝTT FRÁ

MARGNOTA  
RAKVÉLAR

SUMARLEIKUR

Taktu þátt í sumarleik BIC, það sem þú þarft að gera er að senda okkur strikamerki af nýju margnota BIC rakvélunum merkt nafni, heimilisfangi og símanúmeri og þú ert kominn í pottinn. Sendist til: Ó.Johnson & Kaaber ehf. Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík

**Vinningar**  
2 stk. gasgrill  
6 stk. fjallahjól  
6 stk. sundlaugar

Dregið 20. ágúst, kl. 13.13



# Sýningum sumarsins fer fækkandi!

Allir miðar sem  
keyptir eru í dag  
á aðeins 2900kr  
í síma 527-1000  
og á [midi.is](http://midi.is)



“...Besta sviðsetning Grease til þessa..”

PBB/Fréttabl.



PBB/Fréttabl.

“Grease er í einu orði sagt **DÚNDUR SHOW** sem hrífur áhorfendur frá fyrstu stundu með leikgleði og æskubokka”

JVJ/DV

“Kraftmikil og fjörug sýning”

I.P/Mbl.



JVJ/DV



Þrjár  
Aukasýningar  
í júlí

## Sýningar í júní og júlí:

9. júní kl. 20.00	UPPSELT	20. júní kl. 16.00	UPPSELT	2. júlí kl. 20.00	UPPSELT
10. júní kl. 20.00	UPPSELT	21. júní kl. 16.00	UPPSELT	10. júlí kl. 20.00	Örfá sæti laus
11. júní kl. 20.00	UPPSELT	26. júní kl. 20.00	UPPSELT	16. júlí kl. 20.00	Örfá sæti laus
12. júní kl. 20.00	UPPSELT	27. júní kl. 20.00	UPPSELT	19. júlí kl. 16.00	AUKASÝNING
13. júní kl. 20.00	UPPSELT	28. júní kl. 16.00	UPPSELT	23. júlí kl. 20.00	AUKASÝNING
14. júní kl. 16.00	UPPSELT	1. júlí kl. 20.00	UPPSELT	26. júlí kl. 16.00	AUKASÝNING



[www.loftkastalinn.is](http://www.loftkastalinn.is)

miðasala: 527-1000

 Loftkastalinn

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ríttstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

74%

34%

## Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.  
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BAKÞANKAR**  
Jóns Sigurðar  
Eyjólfssonar

## Hvern skal óttast?

Það er næturvagn nokkur sem fer frá suðurströnd Spánar til Madríd. Þegar ég kom inn í þann góða vagn fyrir nokkrum nóttum var einungis eitt sæti laust, alveg aftast. Á leiðinni í það sæti tók ég eftir því að ég var eini maðurinn í rútubílnum sem var af evrópskum uppruna. Ég settist síðan við hlið tveggja manna; annar líktist helst Didier Drogba en hinn var frá Marokkó og rabbaði við félagasinn með slíkum kokhljóðum að engu var líkara en að kvöldverðurinn sæti fastur í koki þeirra féлага. Gegnt mér sátu síðan tveir sem líklegast voru frá Senegal.

„ÉG vakna örugglega á nariunum einum fata ef ég festi blund á brá í þessum félagsskap,“ hugsaði ég með mér meðan ég vafði handtöskunni um fót mér svo ég yrði nú var við það ef einhver reyndi að taka hana. Ég setti peningaveskið í vasann við nára, en ég er afar næmur fyrir þreifingum á því svæði. Gemsann geymdi ég hins vegar í lófanum enda gott að geta brugðist snögg við ef hann hringir í mig innan um sofandi fólk, svo maður sé nú ekki að baka sér óvinsældir.

**FERÐIN** gekk ágætlega. Ég varð ekki fyrir neinu áreiti fyrr en ég fékk Didier Drogba í fangið þar sem hann lognaðist út af á vinstri hliðina. Þegar hin rósfingraða morgungyðja vakti mig í Madríd var ég engu fátækari en ég hafði verið þegar ég sofnaði. Allavega var veskið enn í vasanum. Ég stókk síðan af stað þegar rútubíllinn rann í hlað en þá kallaði Drogba: „Hei, glókollur! Átt þú ekki þennan?“ og hampaði gemsanum mínum sem hafði dottið í gólfið. Ég þakkaði honum vel fyrir en hélt síðan mína leið.

Á rútubílastöðinni fann ég síðan hraðbanka til að ná mér í meiri aura en maskínan atarna tjáði mér að innistæðan á reikningnum væri uppurin. Ég hafði litlu eytt en krónuræfillinn nær ekki að þraka í útlandinu eftir meðferðina sem hún fékk hjá þessum íslensku útrásarvíkingum.

„**UNDARLEGT** að mér skyldi aldrei hafa staðið stuggur af þessum íslensku ofurhugum; ljósum á brún og brá,“ hugsaði ég með mér. „En það eru gaurar sem geta virkilega haft af þér aurinn meðan þú situr með veskið í rassvasanum.“

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er miðvikudagurinn 8. júlí 2009, 189. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.22	13.33	23.42
Akureyri	2.27	13.17	0.04

Heimild: Almanak Háskólans

# Tveir góðir sumarsímar

Þú getur talað fyrir **12.000 kr.** 1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.



### LG KU990i Viewty

Glæsilegur LG sími með stórum snertiskjá, 3G, 5MP myndavél og tónlistarspilara. Flottur sími til að vafra um Netið og kíkja á tölvupóstinn í gegnum M-ið eða uppfæra stöðuna á Facebook o.s.frv. Fæst í svörtu, hvítu eða bleiku.

Símalán - útborgun 4.900 kr.  
Aðeins 2.500 kr. á mánuði í 12 mánuði.  
Verð: 34.900 kr.



### SONY ERICSSON G502

Ódýr og flottur 3G sími með MP3 spilara, FM útvarpi, tónlistargreini og Active Sync stuðningi. Farðu á M-ið í símanum og skoðuðu Gmail eða Hotmail póstinn hvar og hvenær sem er.

Símalán - útborgun: 900 kr.  
Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.  
Verð: 24.900 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn